

L Ö G

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölastaða. Ráðherra er heimilt að ákveða tímabundna greiðslu úr verðjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva, sem reistar kunna að verða utan Faxaflóa, ef ætla má, að flutningur olíu og benzíns á viðkomandi svæði verði ódýrari með því. Greiðsla þessi, að viðbættum flutningskostnaði til annarra útsölastaða, má þó ekki fara fram frá kostnaði þeim, sem mundi verða greiddur vegna flutnings frá innflutningsstöðum við Faxaflóa.

Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjar-sjóði og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrirfram og miðast upphæð þeirra við íbúatölu umdæmisins 1. desember næsta ár á undan þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstala er 300 eða minna, skulu árslaunin vera kr. 10 500.00.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manns, skulu árslaunin vera kr. 10 500.00 að viðbættum kr. 336.00 fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir kr. 24 000.00 í byrjunarlaun.

Launin skulu hækka eftir 3 ár um kr. 1 780.00 og eftir önnur 3 ár um kr. 1 780.00.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er mega nema allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Þegar almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, skal breyta launum ljósmæðra að sama skapi.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Með lögum þessum er felld úr gildi 1. gr. laga nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, lög nr. 23 22. marz 1948 og lög nr. 114 29. desember 1951, bæði um breyting á lögum nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu laun ljósmæðra greiðast samkvæmt þeim fyrir allt árið 1965.

Gjört að Bessastöðum, 25. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.